



## 9. fundur

Stjórnarfundur haldinn 4. des. 2013 að Varmá kl. 18.10. Mætt voru Guðjón Helgason, Auður Gunnarsdóttir, Lára B Helgadóttir, Hekla Klemenzdóttir, Geirarður Long og Eymundur Sigurðsson. Gyłfi Gíslason boðaði forföll. Indriði Jósafatsson framkvæmdastjóri sat einnig fundinn.

Gestir fundarins frá knattspyrnudeild: Guðbjörg Fanndal Torfadóttir, Hallur Birgisson, Ingólfur Garðarsson og Óli Valur Steindórsson. Sigurður Guðmundsson íþróttafulltrúi Mosfellsbæjar var einnig gestur fundarins.

### Dagskrá.

1. Vallaraðstæður á gervigrasvelli.
2. Samskipti aðalstjórnar og knattspyrnudeildar.

#### 1. Vallaraðstæður á gervigrasvelli.

Guðjón bauð fundarmenn velkomna og fór yfir dagskrá fundar og gaf Sigurði íþróttafulltrúa orðið.

Sigurður fór yfir tæknimál hitakerfis á gervigrasvellingum og verklagsreglur.

Hallur rakti hvernig þessu háttar á völlum í Reykjavík og í ljós kom að ekki er um sömu verkferla að ræða þar og hér. Upp kom umræða um hvort hugsanlega væri hægt að keyra upp hitann, fyrr en nú er gert, til að koma í veg fyrir að aflýsa þurfi æfingum eins og margoft hefur þurft að gera að undanförunu en það hefur skapað mikla óánægju meðal foreldra og iðkenda knattspyrnu hjá félaginu. Sigurður fór yfir verkefni vallarstjóra bæði er varða gervigrasvöll og aðalvöll. Mun hann ræða þau mál og óskir er fram komu á fundinum við viðkomandi starfsmann. Sigurður mun einnig bera upp erindi um aukna fjárveitingu frá Mosfellsbæ vegna aukinnar vatnsnotkunar svo hægt sé að hafa gervigrasvöllin í æfinga og leikhæfu ástandi öllu jafna yfir vetrartímann.

Sigurður mun líka sjá til þess að litli gervigrasvöllurinn verði nothæfur ef allt um þrýtur vegna veðurfars. Fundarmenn komu líka inn á lýsinguna á vellingum og hvernig þeim málum er háttað og fór Sigurður yfir það með fundarmönnum. Farið var fram á að auka sandburð á göngustígum við vellinga en hætta hefur skapast vegna mikillar háłku sem oft myndast við vellinga og mun það verða skoðað með úrbætur í huga. Að loknum þessum umræðum var Sigurði þakkað fyrir góðan fund og upplýsingar og yfirgaf hann fundinn.

#### 2. Samskipti aðalstjórnar og knattspyrnudeildar.

Knattspyrnudeild hafði sent aðalstjórn og framkvæmdastjóra tölvupóst með athugasemdum m.a. vegna vallanna og í þeim pósti kom líka fram óánægja knattspyrnudeildar með samskipti við aðalstjórn. Á fundinum lýsti Óli Valur formaður meistaraflokksráðs karla því yfir að póstinum hefði ekki verið ætlað að vera áráss á neinn en þeim fyndist samskipti og boðleiðir of flókin og að of langan tíma tæki að afgreiða mál. Í ljós kom að vegna þessa væri knattspyrnudeil með uppsöfnuð mál sem óánægja væri með og erindi væru ekki send til aðalstjórnar jafnóðum heldur söfnuðust upp.

Aðalstjórn skýrði sín sjónarmið og óskaði eftir því að í stað þess að safna upp málum sem ekki væri ánægja með væru erindi send til aðalstjórnar um leið og upp kæmu mál sem þyrfti að ræða. Fundarmenn ræddu svo málin sín á milli með það í huga að koma á samskiptamáta sem hægt væri að sammælast um með gagnkvæmum samskiptum og virðingu í huga.

Ekki fleira rætt, fundi slitið 9:30.

Hekla Klemenzdóttir.

( sign.)

#### **Viðauki við fundargerð.**

#### **Hér að neðan má sjá þau úrræði sem gripið var til nokkrum dögum eftir fund.**

- Eftir helgi kom verkfræðingur og breytti öllum stýringum á heitu vatni inn á gervigrasvöllinn í samræmi við umræður á fundinum og eins og þær eru framkvæmdar á völlum Reykjavíkurborgar. Sjálfvirkur hitaskynjari aflagður sem stýrt hefur hitanum hingað til og virðist ekki hafa virkað sem skyldi.
- Ábendingarnar frá Halli varðandi það að ýta strax í burtu nýföllnum snjó af vellinum voru prófaðar með mjög góðum árangri af vallarstjóra.